82
31. okt

Samningur

milli

póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og póststjórnar Íslands.

I. grein.

Milli hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og Íslands skulu fara fram regluleg skifti á póstávísunum.

II. grein.

Póstávísanaþjónustan milli samningslandanna skal eingöngu framkvæmd af viðskiftastofum. Fyrir Ísland skal viðskiftastofan vera í Reykjavík, og fyrir hið sameinaða konungsríki í London.

III. grein.

Afreikningar fyrir póstávísanir í báðar áttir, skulu skrifaðir í breskri mynt. Póststjórn Íslands skal breyta upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi í breska mynt, og upphæðum þeirra, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki í íslenska mynt.

Póststjórninni á Íslandi skal heimilt að ákveða, og breyta eftir ástæðum, gengi því, sem á að nota við myntbreytingu þeirra póstávísana, sem hún gefur út. Gengi það, sem á að nota við myntbreytingu póstávísana, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki, skal vera í samræmi við gengi breskra peninga, eins og það er þann dag, sem ávísanaskránum er veitt móttaka í Reykjavík, þegar um almennar póstávísanir er að ræða, eða þann dag, sem tekið er á móti hinum opinberu tilkynningarskeytum í Reykjavík, þegar um símapóstávísanir er að ræða. Í báðum tilfellum skal póststjórn Íslands láta hina bresku póststjórn jafnóðum vita um gengi það, sem notað er.

IV. grein.

Póststjórnir beggja samningslandanna skulu hafa rjett til þess, að ákveða, eftir samkomulagi sín á milli, hámark upphæðar hinna einstöku póstávísana, sem gefnar eru í hvoru landinu um sig. Hámark þetta má þó ekki fara fram úr 40 £ eða næsta nothæfa jafngildi þessarar upphæðar í mynt útgáfulandsins.

V. grein.

Póststjórn Íslands og breska póststjórnin skulu, hvor um sig, hafa rjett til þess að ákveða, eftir ástæðum, gjaldið undir þær póstávísanir, sem þær gefa út hvor um sig, og skal hvor póststjórnin um sig tilkynna hinni taxta sinn eða gjöld, sem sett eru, meðan þessi samningur gildir. Gjöldin falla til þeirrar póststjórnar, sem gefur ávísanirnar út, en póststjórn Íslands greiðir bresku póststjórninni helming af einum af hundraði (½ af hundraði) af upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi, og borgaðar út í hinu sameinaða konungsríki, og breska póststjórnin greiðir póststjórn Íslands samskonar borgun fyrir póstávísanir, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki, en útborgaðar á Íslandi.

VI. grein.

Við útborganir póstávísana til almennings skulu brot úr 4 aurum eða penny ekki tekin til greina.

VII. grein.

Nú biður maður um póstávísun, og skal þá krafist af honum að tilgreina ef hægt er, fult ættarnafn, skírnar- eða eiginnafn (eða að minsta kosti upphafsstaf á einu skírnar- eða eiginnafni) sendanda og viðtakanda, eða nafn þess firma eða hlutafjelags, sem er sendandi eða viðtakandi, svo og heimilisfang sendanda og viðtakanda. Sje hvorki hægt að tilgreina skírnar- eða eiginnafn nje upphafsstafinn að því, má þó gefa póstávísunina út, *en á ábyrgð sendanda.*

VIII. grein.

Verði póstávísun skakkt send eða glatist, skal gefið út eftirrit af henni samkvæmt skriflegri beiðni, er innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar, frá viðtakanda til aðalpóstávísanastofu þess lands, þar sem hin upprunalega ávísun á að útborgast, og skal skrifstofunni, sem gefur eftirritið út, vera heimilt að taka fyrir það sama gjald og taka bæri eftir innanlandsreglum þess, nema ástæða sje til að ætla, að hin upprunalega ávísun hafi glatast í flutningi á póstinum.

Við móttöku á beiðni frá sendanda, er innihaldi líkar upplýsingar, skal gefa skipun um að stöðva útborgun á póstávísun.

IX. grein.

Sje þess óskað, að villa í nafni viðtakanda sje leiðrjett, eða að upphæð póstávísunar sje endurgreidd sendanda, verður hann að senda beiðni um það til aðalskrifstofu landsins, þar sem ávísunin var gefin út.

X. grein.

Endurgreiðsla á ávísun má með engu móti fara fram fyr en full vissa er

82 fengin hjá aðalskrifstofu landsins, sem ávísunin á að útborgast í, að hún hafi
31. okt ekki verið borguð út, og tjeð skrifstofa heimili endurgreiðsluna.

XI. grein.

Póstávísanir skulu vera gildar til útborgunar tólf mánuði eftir útgáfumánuð, og upphæðir allra póstávísana, sem ekki eru útborgaðar innan þess tíma, skulu endursendar póststjórn útgáfulandsins, er fer með þær samkvæmt gildandi reglum í landinu.

XII. grein.

Sendandi póstávísunar getur fengið útborgunarkvittun fyrir henni gegn fyrirframgreiðslu á fastákveðnu gjaldi, er fellur algerlega til póststjórnar útgáfulandsins, og sje jafnt því gjaldi, sem er tekið í landinu fyrir móttökukvittun ábyrgðarsendinga.

Útborgunarkvittunin skal skrifuð á eyðublað eins eða líkt og meðfylgjandi eyðublað sýnir (Fylgiskjal A).

Útborgunarkvittunin skal útbúin af útborgunarpósthúsinu og send útgáfupósthúsinu beint, annaðhvort af útborgunarpósthúsinu eða viðskiftastofu útborgunarlandsins.

Útborgunarkvittanir „gegnum" póstávísana skulu sendar um viðskiftastofur beggja landanna, og allar beiðnir um útborgunarkvittanir, er koma eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út, skulu sendar á sama hátt.

XIII. grein.

Póstávísanir, sem sendar eru frá öðru landinu til hins, skulu, að því er útgáfu snertir, vera háðar reglum þeim, er gilda í sendilandinu, og, að því er útborgun snertir, reglum þeim, er gilda í ákvörðunarlandinu.

XIV. grein.

Viðskiftastofan á Íslandi skal senda stofunni í London upplýsingar um upphæðir þær, sem mótteknar eru til útborgunar í hinu sameinaða konungsríki, og stofan í London skal senda stofunni í Reykjavík upplýsingar um upphæðir, sem mótteknar eru til útborgunar á Íslandi. Til þessa skal nota sjerstakar skrár, eins og meðfylgjandi fyrirmyndir B og C sýna, og skulu þær sendar með fyrsta pósti, sem kostur er á, eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út.

XV. grein.

Sjerhver póstávísun, sem færð er á skrárnar, skal vera tölusett með númeri (er heiti milliríkjanúmer) og byrji á hverjum mánuði með nr. 1.

Á sama hátt skal hver skrá hafa flokksnúmer, er byrji á hverju ári með nr. 1.

XVI. grein.

Nú vantar einhverja skrá, og skal hennar þá krafist þegar í stað af viðskiftastofunni, sem hún átti að sendast til. Viðskiftastofan, sem sendir, skal,

f) Þegar upphæð „gegnum"ávísunar er endurgreidd sendanda, skal þóknunin fyrir milliliðsþjónustuna ekki endurgreiðast.

Ef breska póststjórnin æskir að senda póstávísanasendingar fyrir milligöngu hinnar íslensku póststjórnar til einhverra landa, sem íslenska póststjórnin hefur póstávísanaviðskifti við, skal henni heimilt að gera það með sömu skilyrðum og nefnd eru í liðunum hjer á undan.

Hvor póststjórnin um sig skal tilkynna hinni nöfn landa þeirra, sem hún hefur póstávísanaviðskifti við, takmörkun upphæðar, sem ákveðin er fyrir hvert land, og þóknun þá sem frá dregst fyrir milliliðsþjónustuna.

XX. grein.

Símapóstávísunum fyrir upphæðum, er fara ekki fram úr hámarksupphæð þeirri, sem leyfð er við almennar póstávísanir, skal einnig skifst á milli Íslands og hins sameinaða konungsríkis, Stóra-Bretlands og Írlands.

XXI. grein.

Póststjórnir beggja landanna skulu tilkynna hvor annari, hvaða pósthúsum þær leyfa símapóstávísanaviðskifti.

XXII. grein.

Sendandi símapóstávísunar skal, auk þóknunarinnar, sem sendilandið ákveður og heldur eftir, krafinn um borgun á kostnaðinum við sendingu tilkynningarskeytisins frá öðru landinu til hins.

Auk þessara gjalda, sem nú eru nefnd, áskilur breska póststjórnin sjer rjett, til þess að taka af sendanda sjerhverrar símapóstávísunar frá hinu sameinaða konungsríki til Íslands aukagjald, sem sje fastákveðið og haldið eftir af bresku póststjórninni.

XXIII. grein.

Allar símapóstávísanir, sem eiga að borgast út í hinu sameinaða konungsríki, skulu sendar aðalsímastöðinni í London og þær, sem eiga að borgast út á Íslandi, skulu sendar til aðalpóststjórnarinnar í Reykjavík.

Tilkynningarsímskeytið skal vera á frönsku, svo sem hjer segir:

Mandat.

Innritunarnúmer útgáfupósthússins.

Postes.

Nafn útborgunarpósthússins.

Avis payement (ef beðið er um útborgunarkvittun).

82
31. okt.

Nafn sendanda eða sendenda samkvæmt gildandi reglum um almennar ávísanir.

Upphæðin í tölum og bókstöfum í breskri mynt.

Nafn viðtakanda eða viðtakenda og heimilisfang með öllum bókstöfum og samkvæmt gildandi reglum um almennar ávísanir.

Þegar þannig er ástatt, tafarlaust senda móttökuviðskiftastofunni eftirrit af skránni, er sje löglega útbúið eins og slíkt eftirrit á að vera.

XVII. grein.

Skrárnar skulu vandlega athugaðar af viðskiftastofunni, sem þær eru sendar til, og leiðrjettar, þegar í þeim standa auðsæjar villur. Leiðrjettingarnar skal tilkynna viðskiftastofunni, sem sendi.

Komi fyrir aðrar skekkjur í skránum, skal viðskiftastofan, sem móttekur þær, krefjast skýringar af viðskiftastofunni, sem sendi, og skal hún gefa skýringuna eins fljótt og unt er. En á meðan skal útgáfunni frestað á innlendum ávísunum þeim, er snerta færsluna á skránum, er skekkjan finst í.

XVIII. grein.

Undir eins og skráin er komin til móttökuviðskiftastofunnar, skal hún, eftir athugun á innihaldinu, búa út innlendar póstávísanir til viðtakenda fyrir upphæðum, sem tilgreindar eru á skránni, til útborgunar í peningum útborgunarlandsins, og senda síðan þessar innlendu ávísanir til viðtakenda eða útborgunarpósthúsanna, eftir því sem reglur útborgunarlandsins segja til um.

XIX. grein.

Ef póststjórn Íslands æskir að senda póstávísanir fyrir milligöngu hinnar bresku póststjórnar til einhverra annara landa, breskra nýlenda o. s. frv., sem breska póststjórnin hefur póstávísanaviðskifti við, skal henni heimilt að gera það með því að fullnægja þessum skilyrðum:

a) Póststjórn Íslands skal ávísa upphæðum slíkra „gegnum“ávísana til póstávísanadeildarinnar í London, sem endurávísar þeim síðan viðskiftastofum útborgunarlandanna.

b) Engin slík ávísun má fara fram úr hámarksupphæð þeirri, sem ákvörðunarlandið hefur ákveðið fyrir ávísanir útgefnar í hinu sameinaða konungsríki.

c) Upplýsingar um „gegnum“ávísanir skulu annaðhvort færðar með rauðu bleki neðst á hinar vanalegu skrár, sem sendar eru til London, eða á sjerstök blöð, en aðalupphæð „gegnum“ávísananna skal innifalin í aðalupphæð skránna.

d) Nöfn og heimilisföng viðtakenda, ásamt nafni bæjar og útborgunarlands, skulu tilgreind eins nákvæmlega og unt er.

e) Póststjórn Íslands skal greiða stjórninni í London sama hundraðsgjald (sjá

V. grein) fyrir „gegnum"ávísanir eins og fyrir ávísanir, sem borga á út í hinu sameinaða konungsríki, og færir stjórnin í London stjórn útborgunarlandsins til tekna hið sama hundraðsgjald fyrir „gegnum"ávísanir og er fyrir ávísanir útgefnar í hinu sameinaða konungsríki, og dregur frá upphæð sjerhverrar endurávísaðrar ávísunar, fyrir sína þjónustu sem milliliður, sjerstaka þóknun, sem hin breska póststjórn ákveður. 82 31. okt.

Sje viðtakandi kvennmaður er skylda að tilfæra við ættarnafn hennar, enda þótt skírnarnafn sje með, orðið „Frú" eða „Ungfrú", nema þar sem svo stendur á, að það sje óþarfa endurtekning af stöðu, titli, starfi eða atvinnu, er segi greinilega til um viðtakanda.

Hinar ofangreindu upplýsingar skulu ætíð símaðar í sömu röð á tilkynningarskeytinu eins og þær eru tilfærðar að ofan.

Sendanda og viðtakanda má ekki tilgreina með styttu nafni nje styttu heimilisfangi, þótt það sje bókað.

Sendanda símapóstávísunar skal heimilt að bæta við á hið opinbera tilkynningarskeyti stuttri athugasemd, sem hann kynni að vilja senda viðtakanda, gegn vanalegu símskeytagjaldi fyrir aukaorðin.

XXIV. grein.

Reglugerð alþjóðasímasamningsins (endurskoðaða útgáfan í Lissabon) eða sjerhver önnur reglugerð, sem seinna kann að koma í hennar stað, gildir um símskeyti í sambandi við póstávísanir, að því er snertir skiftingu og endurgreiðslu á gjaldi slíkra skeyta.

XXV. grein.

Eins og þegar um almennar póstávísanir er að ræða, skal póststjórn útgáfulandsins reikna póststjórn útborgunarlandsins hálfan af hundraði af upphæð útborgaðra símapóstávísana.

Í tilefni af þessu skulu símapóstávísanirnar færðar af hlutaðeigandi viðskiftastofum á tilkynningarskrár á sama hátt og almennar ávísanir, en á sjerstök blöð með yfirskriftinni „Ávísað með síma".

XXVI. grein.

Ef um er að ræða falskar ávísanir, sem ómögulegt er að ákveða um í hvoru landi svikin hafi verið framin, eða ef um er að ræða svik eða skekkju í sambandi við sendingu tilkynningarskeyta gegnum símaþræði milliliggjandi landa eða ritsímafjelaga, skal ábyrgðin fyrir allan skaða, sem af því hlýst, annan en símagjaldið, falla jafnt á póststjórn Íslands og póststjórn hins sameinaða konungsríkis.

82
31. okt.

XXVII. grein.

Að öðru leyti skulu símapóstávísanir háðar hinum sömu almennu skilyrðum og vanalegar póstávísanir.

XXVIII. grein.

Í lok hvers mánaðar skulu viðskiftastofurnar í Reykjavík og London útbúa hvor um sig og senda hinni:

1. Sundurliðaðan yfirlitsreikning, er sýni aðalupphæð hverrar skrár um sig, sem móttekin er frá hinu landinu yfir mánuðinn (sjá fylgiskjal D.).
2. Skrá, er sýni upplýsingar um allar ávísanir, sem það hefur heimilað hinni viðskiftastofunni að endurborga hinum upprunalegu sendendum (sjá fylgiskjal E.).
3. Skrá, er sýni upplýsingar um allar póstávísanir útgefnar af hinu landinu, sem ekki hafa orðið borgaðar út innan tólf mánaða eftir lok útgáfumánaðar, og þarafleiðandi fallnar til útgáfulandsins (sjá fylgiskjal F.).

Yfirlitin „D" og „E" skulu send tvírituð, og annað samritið af hvoru yfirliti skal síðan endursent sendiskrifstofunni með venjulegri viðurkenningu móttökuskrifstofunnar.

XXIX. grein.

Jafnskjótt og viðskiftastofan í Reykjavík hefur móttekið hin viðurkendu samrit af yfirlitunum „D" og „E", sem ákveðin eru í XXVIII. grein, skal hún senda viðskiftastofunni í London póstávísanareikning (tvíritaðan), og skal hann innihalda þessa liði:

a) Skuldarmegin hinu sameinaða konungsríki til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá Íslandi yfir mánuðinn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga á Íslandi, og aðalupphæð íslenskra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir mánuðinn — og þóknunina ½ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.
b) Tekjumegin Íslandi til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá London yfir mánuðinn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga í hinu sameinaða konungsríki, og aðalupphæð breskra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir mánuðinn — og þóknunina ½ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.

Ávísanareikningurinn skal útbúinn á eyðublaði eins og fyrirmyndin á fylgiskjali „G" sýnir. Annað samritið af reikningnum, löglega samþykt, skal endursent til Reykjavíkur.

XXX. grein.

Hvenær í mánuði, sem þess verður vart, að ávísanir útgefnar á annaðhvort landanna fara £ 1,000 fram úr ávísunum, sem eru útgefnar á hitt, skal

hið síðarnefnda þegar í stað senda hinu fyrnefnda, sem borgun í reikning upphæð þessa mismunar, sem fundist hefur, eða því sem næst, í tugatali. 32 31. okt.

XXXI. grein.

Þegar íslenska póststjórnin á að borga bresku póststjórninni reikningsjöfnuð aðalreikningsins, skal hún gera það um leið og hún sendir reikninginn til London, og þegar breska póststjórnin á að borga jöfnuðinn, skal hún gera það um leið og hún endursendir hið samþykkta samrit af reikningnum til Reykjavíkur.

Þessar greiðslur, sem og aðrar greiðslur, er kunna að falla samkvæmt ráðstöfunum XXX. greinar, skulu fara fram í sterling með víxlum, er borgist við sýningu í London.

Á hverja upphæð, sem önnur póststjórnin skuldar hinni, þegar sex mánuðir eru liðnir frá tímabili því, sem reikningurinn á við, falla vextir 7 af hundraði á ári, frá ofangreindum tíma að telja.

XXXII. grein.

Komi nokkurntíma í ljós að póstávísanir sjeu misbrúkaðar af kaupsýslumönnum eða öðrum, á Íslandi eða í hinu sameinaða konungsríki, til yfirfærslu á stórum fjárhæðum, skal íslensku eða bresku póststjórninni, eftir því sem við á, vera heimilt að hækka gjöldin, og jafnvel algerlega að stöðva útgáfu póstávísana um stundarsakir.

XXXIII. grein.

Póststjórn hvors landsins um sig skal heimilt að taka upp viðbótarreglur (sjeu þær ekki í mótsögn við ofanskráð), er miði að betri tryggingu gegn sviksemi, eða þessum ráðstöfunum til bóta yfir höfuð.

Allar slíkar viðbótarreglur skulu þó tilkynntar póststjórn hins landsins.

XXXIV. grein.

Samningur þessi gengur í gildi þann 1. október 1921, og sje uppsegjanlegur af beggja aðila hálfu með sex almanaksmánaða fyrirvara.

Saminn í tveimur eintökum og undirskrifaður í Reykjavík þann 13. október 1921 og í London þann 30. september 1921.

S. Briem. (L. S.).

H. Pike Pease. (L. S.).

Þetta gjörist hjer með öllum kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík 31. október 1921.

Pjetur Jónsson.

S. Briem.